

16

5. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárþóta.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Á eftir 13. gr. laga nr. 27 8. september 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárþóta, komi ný grein, sem verður 14. gr., en greinatala laganna breytist samkvæmt því. Hin nýja grein hljóðar þannig:

Landbúnaðarráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 13. gr., heimilað Búnaðarfélagi Íslands að leyfa einstökum bændum eða sauðfjarræktarfélagum að láta einblendinga lifa til framhaldsræktunar. Skal kynblöndun þessi fara fram undir eftirliti sauðfjarræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

17

28. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og lögum nr. 115 31. maí 1940, um breyting á þeim lögum.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

A. Fyrsti málsliður 1. gr. laga nr. 73 31. des. 1937 hljóði svo:

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið; þó er pósthjórninni heimiluð slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ráðherra setur.

B. Aftan við 2. málsg. 1. gr. laganna bætist: Enn fremur ákvæði um það, að allur annar erlendir gjaldeyri, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

2. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 115 31. maí 1940 bætist: Bankarnir greiða þó laun þeirra nefndarmanna, er skipaðir eru samkvæmt tillögum þeirra.